

FSÍ hefur selt eignir fyrir rúma 40 milljarða

Alls hafa um 32 milljarðar verið lagðir inn í Framtakssjóð Íslands. Til dagsins í dag hafa eignir verið seldar fyrir um 42 milljarða. Eftir standa eignir sem eru metnar á ríflega 40 milljarða til viðbótar. Stefna sjóðsins frá upphafi hefur verið að fjölga félögum á hlutabréfamarkaði en hingað til er Vodafone eina félagið sem hefur verið sett á markað úr höndum sjóðsins. Ekki fæst gefið upp hvenær fleiri eignir verða seldar.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Eigendur Framtakssjóðs Íslands hafa fengið greiddan rúmlega þriðjung til baka af þeim fjármunum sem þeir hafa lagt í sjóðinn. Í desember fengu hluthafar níu milljarða og fyrir árið 2011 voru greiddir 2,7 milljarðar.

Alls hafa um 32 milljarðar verið settir í sjóðinn. Söluandvirði eigna sem hafa verið seldar nemur samtals ríflega 40 milljörðum. Eftirstandandi eignir voru um mitt síðasta ár metnar á 47,1 milljarð í bókum FSÍ. Hluti þeirra eigna hefur þó verið seldur síðan þá, meðal annars 60% hlutur í Vodafone fyrir 6,3 milljarða.

Miðað við matsvirði eigna og söluandvirði þeirra eigna sem þegar hafa verið seldar er ávöxtun sjóðsins talin í tugum og jafnvel hundruðum prósentu.

FSÍ var stofnaður árið 2009 af sextán lífeyrissjóðum. Við kaup FSÍ á Vestia, eignarhaldsfélagi Landsbankans, eignaðist Landsbankinn tæplega 28% í FSÍ.

Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri FSÍ, vildi ekki veita Viðskiptablaðinu viðtal. Brynjólfur, sem var forstjóri Símans og Skipta á árunum 2002 til 2010, tók við framkvæmdastjórnastöðunni af Finnþoga Jónssyni í mars á síðasta ári. Hafliði Helgason, upplýsingafultrúi sjóðsins, svaraði þess í stað spurningum Viðskiptablaðsins skriflega.

Engin ákvörðun um frekari fjárfestingar

Við stofnun Framtakssjóðsins var markmið hans að „taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs“. Sjóðnum var ætlað að fjárfesta

í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.

Spurt var um útlit fyrir árið 2013 og hvort stefnt sé að sölu fyrirtækja í eigu sjóðsins á árinu. Hafliði Helgason segir að FSÍ tjái sig ekki um fyrirtælanir varðandi innlausn eigna né fjárfestingar í náinni framtíð. „Sjóðurinn vinnur með félögum í eignasafni sínu að mótun stefnu með það að markmiði að ná sem bestum rekstrarárangri hjá félögum í sinni eigu. Hvort, hvenær eða hvernig FSÍ kemur að nýjum verkefnum verður tíminn að leiða í ljós,“ segir Hafliði.

Líftími FSÍ er allt að tíu ár. Honum á því að vera slitið í síðasta lagi árið 2019. Heimildir til fjárfestinga eru hins vegar til 2014. Fyrirkomulag er þannig að nýfjárfestingar eru fjármagnaðar með nýju hlutafé frá eigendum og því er söluandvirði eigna greitt út strax eftir sölu fyrirtækja. Alls námu hlutafjárloforð 54 milljónum í upphafi og hafa 32 milljarðar þegar verið innkallaðir. Eftir standa 22 milljarðar sem FSÍ gæti sótt ef ákveðið verður að fjárfesta í fleiri fyrirtækjum. Að sögn Hafliða hefur engin ákvörðun verið tekin um hvort FSÍ eignist fleiri fyrirtæki.

Flest á markað

Háleit markmið eru um að nær öll félög FSÍ verði seld með skráningu þeirra á hlutabréfamarkað. 60% hlutur í Vodafone var seldur í desember samhliða skráningu félagsins í Kauphöll. Árið 2011 var greint frá áformum sjóðsins um að tæplega 90% þáverandi eigna hans yrðu skráð á markað. Fyrirtækin sem átti að skrá voru Skýrr, N1, Icelandic Group og Promens.

Enn sem komið er hefur aðeins eitt félag verið skráð, það er Vodafone. Á þessu ári, og í síðasta lagi

á því næsta, á að skrá áður nefnd félög. Seld félög án skráningar í Kauphöll eru Húsasmiðjan sem seld var til dönsku byggingavörudejunnar Bygma, Plastprent sem seld var til Kvosar og bandaríski hluti Icelandic Group auk tengdrar starfsemi félagsins í Asíu. FSÍ heldur enn um íslenska hluta Icelandic.

Góð ávöxtun

Eins og sést í meðfylgjandi töflu hefur ávöxtun af seldum eignum sjóðsins verið afar mikil. Vestia, með öllum þeim eignum sem fylgdu, var samtals keypt á 15,5 milljarða auk þess sem Landsbankinn eignaðist 28% hlut í FSÍ. Salan á erlenda hluta Icelandic einum skilaði um 27 milljörðum króna. Til viðbótar var Húsasmiðjan seld á 800 milljónir auk þess sem Bygma tók yfir 2,5 milljarða skuldir félagsins. Plastprent var selt fyrir rúmar 200 milljónir og þá fengust um 6,3 milljarðar fyrir sölu á 60% hlut í Vodafone.

Söluandvirði fram til dagsins í dag er því um 42 milljarðar króna. Það er tíu milljörðum umfram þá 32 milljarða sem settir hafa verið í sjóðinn. Enn á sjóðurinn 49,5% í Promens, 12% í Icelandair Group, 45% í olíufélaginu N1, 75% í Advania, 19,7% í Vodafone, og Icelandic Group að öllu leyti, það er þann hluta sem ekki var seldur.

Eitt skýrasta dæmið um aðkomu Framtakssjóðsins að íslensku félagi og mikla ávöxtun síðan er fjárfesting FSÍ í tæplega þriðjungshlut í Icelandair Group árið 2010. Gengi viðskiptanna var þá 2,5 krónur á hlut og alls var keypt fyrir 3,6 milljarða. Það hefur ríflega þrefaldast í dag og var í upphafi vikunnar um 9,2 krónur á hlut. Fjallað var um ávöxtun FSÍ á bréfunum í síðasta



tölublaði Viðskiptablaðsins en tvívegis hefur FSÍ selt hlutabréf í Icelandair, samtals fyrir um 5,2 milljarða. Að meðtöldu markaðsvirði 12% eignarhlutar FSÍ í dag er virði 30% hlutarins um 11 milljarðar.

Umdeildur sjóður

Síðustu misseri hefur Framtakssjóðurinn siglt lygnan sjó. Það hefur þó ekki alltaf verið þannig og sjóðurinn legið undir ámæli fyrir einstakar ákvarðanir sem og hæga-gang. Í nóvember árið 2011 birtist hörð gagnrýni á sjóðinn frá greiningardeild Arion banka. Yfirskrift markaðspunktsins var „Framtakssjóður Íslands: Framtakssleysi við nýskráningar“. Sagt var að FSÍ sé efnahagslegt stórveldi á íslenskan mælikvarða og gæti keypt flest öll fyrirtæki landsins. Því fylgi mikil völd sem gætu verið vandmeðfarin. Áætlaður líftími komi þó í veg fyrir að nýtt Samband líti dagsins ljós.

Greiningardeildin velti einnig upp spurningum um hlutverk sjóðsins þar sem helstu kaupendur eigna FSÍ, sem þá hafði nýverið selt 10% hlut í Icelandair Group, voru

lífeyrissjóðir sem eiga aðild að FSÍ. „Í því ljósi má velta fyrir sér hvert hlutverk FSÍ sé í raun og veru — hvort einstaka lífeyrissjóðir hefðu ekki getað keypt millilíðalaust t.d. í Icelandair Group á sínum tíma? Til hvers að framselja vald sitt (þó lífeyrissjóðirnir eigi vissulega sitt fólk í stjórn FSÍ)? Þá má líka velta fyrir sér hvort það hafi í raun og veru þurft framtak í Icelandair Group þar sem sjóðurinn kom ekki að fjárhagslegri endurskipulagningu heldur lagði félaginu til auk- ið hlutafé,“ sagði í markaðspunktunum. Því var haldið fram að sjóðurinn sinni ekki hlutverki sínu við að endurreisa hlutabréfamarkað með nýskráningum.

FSÍ gerði alvarlegar athugasemdir við markaðspunktana. Bent var á að sjóðurinn skuldetji sig ekki við hlutabréfakaup heldur notist eingöngu við eigið fé. „Auk þess skilar sjóðurinn söluverði allra eigna strax til eigenda sinna og er það t.d. gert núna við sölu á 10% eignarhlut sjóðsins í Icelandair Group. Sjóðurinn safnar því ekki verðmætum og völdum, en gegnir mikilvægu hlutverki við endurreisn hlutabréfamarkaðarins og skilar lífeyrissjóðum og almenningi í landinu til baka ávöxtun eftir tap þeirra í kjölfar efnahagshrunsins,“ sagði í tilkynningu frá Þorkeli Sigurlaugssyni, stjórnarformanni FSÍ.

Fjárfestingar	Kaupverð	Hluttur	Söluverð
Icelandair Group	3.600	30,0%	5.200
Félög Vestia:	15.500		-
Teymi			-
Fjarskipti		79,5%	6.300
Advania (Skýrr)		75,4%	-
Húsasmiðjan		100,0%	3.300
Plastprent		100,0%	206
Icelandic Group		100,0%	26.900
NI	5.000	45,0%	-
Promens	7.900	49,5%	-
SAMTALS	32.000		41.906

Upphæðir eru í milljónum króna

Saga Framtakssjóðsins

Desember 2009
Framtakssjóður Íslands stofnaður 8. desember 2009 af sextán lífeyrissjóðum.

Júní 2010
FSÍ eignast 30% hlut í **Icelandair**.
Kauverð var 3 milljarðar.

Ágúst 2010
Tilkynnt um kaup FSÍ á **Vestia**, eignarhaldsfélagi **Landsbankans**. Félagin sem fylgdu voru **Icelandic**, **Teymi** (sem á þeim tíma átti

Vodafone, Skýrr, EJS og Hug AX), **Húsasmiðjan** og **Plastprent**. Þá var verðmiðinn 19,5 milljarðar auk þess sem Landsbankinn myndi eignast 30% í FSÍ.

Desember 2010
Samkeppniseftirlitið blessar kaup FSÍ á **Vestia**. Nokkrar breytingar urðu frá fyrri samkomulagi, kaupverð lækkaði í 15,5 milljarða og **Landsbankinn** hélt eftir 19% hlut í **Icelandic Group**.

Febrúar 2011
FSÍ hættir viðræðum við fjárfestingarfélagið **Triton** um kaup á **Icelandic**. Ákveðið var að selja **Icelandic** í nokkrum hlutum. Söluferlið og viðræðurnar við Triton höfðu verið gagnrýndar fyrir að vera ógagnsæjar en ekki var leitað annarra tilboða.

Mars 2011
Tilkynnt um 700 milljóna hagnað FSÍ á árinu 2010. Í lok

þess árs var hlutabréfaeign í **Icelandair** eina hlutabréfaeign sjóðsins. Heildareignir námu 5,6 milljónum í árslok 2010.

Júlí 2011
FSÍ kaupir 40% hlut í **Promens** af **Horni**, fjárfestingarfélagi **Landsbankans**. Kauverð var 6,6 milljarðar króna. Í september var endanlega tilkynnt um kaupin og nýttu FSÍ sér kauprétt þannig að endanleg kaup námu 49,5% hlutafjár í **Promens**.

Kauverð var 49,5 milljónir evra sem jafngilti 7,9 milljónum króna.

Ágúst 2011
Húsasmiðjan sett í söluferli.

September 2011
Hagnaður Framtakssjóðsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 kynntur. Hagnaður nam 2.540 milljónum og skýrðist af hækkun bréfa í **Icelandair Group**. Í sama mánuði var tilkynnt um kaup FSÍ á 15,7% hlut í **NI**. Skömmu síðar var tilkynnt

um kaup á enn stærri hlut eða 39% hlutafjár til viðbótar. Seinni hluturinn var keyptur af **Arion banka** en hluthafar höfðu deilt um hvernig staðið yrði að endurskipulagningu.

Nóvember 2011
Framtakssjóðurinn selur 10% hlut í **Icelandair Group** í útboði. Söluandvirði hlutarins var 2,7 milljarðar króna. Í sama mánuði var starfsemi **Icelandic Group** í Bandaríkjunum

seld til **High Liner Foods** fyrir 230 milljónir dollara sem jafngilti 26,9 milljónum króna. Við samþykkt viðskiptanna í desember tók FSÍ yfir 19% hlut **Landsbankans** í **Icelandic** og á félagið að fullu.

Desember 2011
Danska byggingavörudeildin **Bygma** keypti **Húsasmiðjuna**. Heildarvirði samningsins var um 3,3 milljarðar króna. Þar af

tók Bygma yfir 2,5 milljarða vaxtaberandi skuldir auk þess að greiða 800 milljónir í reiðufé.

Febrúar 2012
Finnboji Jónsson lætur af störfum sem framkvæmdastjóri FSÍ. Hann hafði gegnt stöðunni frá stofnun sjóðsins. **Brynjólfur Bjarnason** tók við starfinu í mars.

Mars 2012
Tilkynnt er um 2,3 milljarða hagnað FSÍ á árinu 2011. Heildareignir í árslok námu 28,2 milljónum króna.

Apríl 2012
Plastprent ehf. er sett í opið söluferli.

Júlí 2012
Kvos ehf. kaupir **Plastprent**. Kauverð var 206 milljónir króna.

September 2012
Tilkynnt að hagnaður FSÍ á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 nam 1.470 milljónum króna. Eignir sjóðsins eru metnar á 47,1 milljarðar sem er 15,2 milljónum króna hærra en bókfært virði.

Nóvember 2012
FSÍ selur 10% hlut í **Icelandair Group** fyrir rúmlega 2,6 milljarðar. FSÍ á eftir viðskiptin 12% hlutafjár í **Icelandair**.

Desember 2012
60% hlutur í **Fjarskiptum hf.** (**Vodafone**) seldur í útboði



fyrir 6,3 milljarða króna. FSÍ á eftir viðskiptin 19,7% hlut í **Vodafone**. Í sama mánuði var tilkynnt um niðurstöðu hluthafafundar þar sem ákveðið var að greiða eignum þrjú milljarða í formi arðs. Til viðbótar var sex milljarða hlutafé færð niður og greitt til hluthafa.





Brynjólfur Bjarnason tók við starfi framkvæmdastjóra Framtakssjóðsins af Finnþoga Jónssyni. Hann hefur lítið tjáð sig við fjölmiðla og vildi ekki veita Viðskiptablaðinu viðtal. Hafliði Helgason svaraði spurningum Viðskiptablaðsins skriflega en engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort sjóðurinn ráðist í frekari fjárfestingar. Heimild til fjárfestinga rennur út árið 2014.

VB MYND/HAG

Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður FSÍ, hefur þurft að verjast gagnrýni á störf sjóðsins. Gagnrýnisráddir voru háværar á árinu 2011. Spurt var um hlutverk sjóðsins og þá var mikil gagnrýni í kringum viðræður FSÍ við Triton fjárfestingarfélag sem gerði kauptilboð í Icelandic. Á endanum var viðræðum slitið og eignirnar settar í söluferli.

“ Enn á sjóðurinn 49,5% í Promens, 12% í Icelandair Group, 45% í olíufélaginu N1, 75% í Advania, 19,7% í Vodafone, og Icelandic Group að öllu leyti, það er þann hluta sem ekki var seldur.